



## Nýtt giljadrag í Terra Sirenum

Giljadrög finnast við miðlægar breiddargráður á Mars, sér í lagi á hálendinu á suðurhveli. Venjulega hafa þessar jarðmyndanir hvilftir efst og farveg sem liggur niður frá henni í skriðsvuntu, þar sem efnið sem flust hefur úr hvilftinni er að finna.